

Reykjalundur endurhæfing ehf.

43. fundur stjórnar 19. desember 2023 kl. 8:15-9:45 í Grímansfelli.

Mætt eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Aldís Stefánsdóttir, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri.

Fundarritari: Arna Harðardóttir.

Helgi Kristjánsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, er gestur í lið 2.

Dagskrá

1. Fundargerð síðustu tveggja funda lagðar fram til samþykktar og undirritunar
Frestað til næsta fundar.
2. Fjármál Reykjalundar
Helgi fer yfir rekstraruppgjör ársins fyrir 10 mánuði sem sýnir meiri halla en áætlað var. Einnig þegar farið er yfir áætlun fyrir árið í heild. Athugasemdir gerðar við viðhald húsnæðis og lóðar, rafmagn hiti og fasteignagjöld. Óskað eftir sundur greiningu á launum og launatengdum gjöldum. Farið yfir drög að rekstraráætlun ársins 2024 sem skilar afgangi ef Reykjalundur fær leiðréttingu í fjárlögum og tímabundið aukaframlag til Reykjalundar. Farið yfir næstu skref varðandi lán SÍBS til Reykjalundar. Reykjalundur á inni hjá SÍBS ákveðna upphæð. Tillaga SÍBS rædd sem gerir ráð fyrir að Reykjalundur fái hluta af upphæðinni. Ákveðið að fá álit endurskoðenda, annars samþykkt. Stjórn setur spurningarmerki við að að Reykjalundur fái ekki alla inneignina inn í reksturinn.
3. Húsnæðismál Reykjalundar
Pétur fer yfir stöðu mála. Aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra kom í heimsókn og farið yfir stöðuna varðandi húsnæði með honum. Reykjalundur nær ekki að uppfylla saminginn við SÍ er varðar gistingu sjúklinga. Nauðsynlegt að leigja gáma fyrir skrifstofur starfsmanna og þá útbúa fleiri herbergi fyrir gistingu sjúklinga. Pétur mun óska eftir fundi með forstjóra SÍ. Stjórnin er þakklát hvað starfsfólk Reykjalundar hefur staðið sig vel í þessum aðstæðum.
4. Tillögur að upplýsingagjöf til stjórnarmanna.
Pétur kynnir drög að fyrirkomulagi. Rætt um að breyta fundardegi t.d. í miðvikudaga.
5. Önnur mál.
 - Stjórnarfundur án starfsmanna 16.janúar kl 8:15-9:45
 - Stjórnarfundur 30.janúar, kl 8:15-9:45

Fundi slitið kl 09:55

Næsti fundur stjórnar: 16.janúar, 2024 kl 8:15 – 10:00.

Anna Stefánsdóttir
Aldís Stefánsdóttir
Gunnar Ármannsson
Arna Harðardóttir